

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 20. september 2013 kl. 10:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Guðmundur Bjarnason formaður var fjarverandi. Gestir fundarins voru Stefán Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Karl Björnsson, Guðjón Bragason, Gyða Hjartardóttir og Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Hermann Jón Tómasson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 13. maí og 12. júní 2013. Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

ÁRSUPPGJÖR 2012

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012. Gerð var grein fyrir einstaka tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi, eignum og skuldum í efnahagsreikningi og farið var yfir skýringar með ársreikningnum.

Fram kom að stærsti hluti skammtímakrafna í efnahagsreikningi, eða kröfur samtals að fjárhæð 242,6 m.kr., væri tilkominn vegna eftirstöðva af greiðslu Jöfnunarsjóðs á framlögum í janúar 2011 til sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra þar sem 0,95% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna janúar barst sjóðnum ekki fyrr en í febrúar. Starfshópi samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga var falið að fjalla um vandann og koma með tillögu að lausn hans. Hópurinn lagði til að um þrjúþætta lausn yrði að ræða með aðkomu sveitarfélaga/þjónustusvæða, Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli heimildar í reglugerð um sjóðinn og ríkissjóðs. Jafnframt kom fram að hlutur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri greiddur. Eftir stæðu 33,1 m.kr. af hluta sveitarfélaga og hlutur ríkissjóðs að fjárhæð 209,5 m.kr.

Fram kom að stærsti hluti skammtímaskulda í efnahagsreikningi, eða skuldir samtals að fjárhæð 750,0 m.kr. væru ógreidd framlög vegna húsaleigubóta á IV. ársfjórðungi og viðbótarframlög vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur að fjárhæð 170,0 m.kr.

Á árinu 2012 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs 176,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.030,0 m.kr., skuldir 1.561,9 m.kr. og eigið fé 468,1 m.kr. Eigið fé sjóðsins hafði hækkað um tekjuafgang ársins eða úr 291,9 m.kr. í 468,1 m.kr.

Í áliti Ríkisendurskoðunar kemur fram að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2012, efnahagi 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012 væri samþykktur.

SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Framlag vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu

Garðabær og Sveitarfélagið Álftanes

Á fundi ráðgjafarnefndar 26. ágúst sl. var lögð fram til kynningar umsókn frá Garðabæ, nýsameinuðu sveitarfélagi Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftanes um framlag á grundvelli f - liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu

sveitarfélaga vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi. Umsókninni fylgdi yfirlit yfir þau áform sem sveitarfélagið telur að falli undir endurskipulagninguna. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að umsóknin væri skoðuð betur og afgreiðslu hennar væri frestað til næsta fundar nefndarinnar.

Umsóknin var tekin til umfjöllunar á ný á fundinum og samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi til Garðabæjar á grundvelli f- liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 að fjárhæð 46,0 m.kr. Samkvæmt fyrri ákvörðun ráðgjafarnefndarinnar kemur framlagið til greiðslu á árunum 2013, 2014 og 2015 með jöfnum greiðslum.

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Skaftárhreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Skaftárhrepps, dags. 3. september 2013. Í erindinu kemur fram beiðni um greiðslu á framlagi að fjárhæð 5,0 m.kr. sem ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 24. október 2012 að kæmi til úthlutunar og greiðslu á grundvelli b - liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Um er að ræða kostnað við ráðningu sérfræðings sem Skaftárhreppur skuldbatt sig til að ráða á grundvelli samkomulags innanríkisráðherra og sveitarstjórnar Skaftárhrepps frá 11. júlí 2012 um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október 2012 fjallaði nefndin einnig um beiðni Skaftárhrepps frá 17. október 2012 um framlag að fjárhæð 2,0 m.kr. til að mæta kostnaði við ráðgjafarvinnu og greiningar sem framkvæma þurfti vegna setningar umhverfisráðherra á reglugerð nr. 294/2012, sem er reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 739/2003, um brennslu úrgangs. Nefndin samþykkti á fundinum að fresta afgreiðslu beiðnarinnar og óska umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þegar upplýsingar um sundurliðun á umbeðnu framlagi að fjárhæð 2,0 m.kr. lægju fyrir hjá sjóðnum.

Ráðgjafarnefndin ítrekaði samþykki sitt frá fundinum 24. október 2012 um að framlag að fjárhæð 5,0 m.kr. á grundvelli b - liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 kæmi til greiðslu. Jafnframt samþykkti nefndin að leggja til að óskað væri eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um framlag að fjárhæð 2,0 m.kr. vegna breytingar á reglugerð 739/2003, um brennslu úrgangs þar sem upplýsingar um sundurliðun framlagsins lægju nú fyrir og var afgreiðslu erindisins því frestað þar til umsögn Eftirlitsnefndarinnar hefði borist.

FRAMLÖG VEGNA HÚSALEIGUBÓTA

Ráðstöfunarfjármagn vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta 2012 og 2013

Að beiðni ráðgjafarnefndarinnar var farið yfir ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga vegna húsaleigubóta á árunum 2012 og 2013.

Hvað ráðstöfunarfjármagn vegna almennu húsaleigubótanna varðar þá tekur það mið af 11,5% af lögbundnu framlagi frá ríki sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk sérstakra viðbótarframlaga frá ríki.

Á árinu 2012 nam ráðstöfunarfjármagnið samtals 2.025,5 m.kr. Þar af var um sérstakt viðbótarframlag frá ríki að ræða að fjárhæð 897,8 m.kr. á grundvelli samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl. Á árinu 2013 nemur áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins samtals 2.864,2 m.kr. Þar af er sérstakt viðbótarframlag frá ríki að fjárhæð samtals 1.662,6 m.kr. vegna samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi.

Hvað sérstöku húsaleigubæturnar varðar þá tekur ráðstöfunarfjármagnið mið af sérstöku viðbótarframlagi frá ríki á grundvelli samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008, sem nemur 60% af heildargreiðslum sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum.

Á árinu 2012 nam ráðstöfunarfjármagnið vegna sérstöku bótanna 681,9 m.kr. en áætlað framlag á árinu 2013 nemur 731,2 m.kr.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar um fjármögnun framlaga Jöfnunarsjóðs vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta kom fram það álit nefndarinnar að þörf væri á að einfalda hana til muna.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Íþyngjandi kostnaður vegna snjómoksturs í þéttbýli

Á fundum ráðgjafarnefndar 12. júní sl. og 26. ágúst sl. voru lögð fram til kynningar erindi frá Dalvíkurbyggð, dags. 14. maí 2013, frá Grýtubakkahreppi, dags. 15. maí 2013 og frá Sveitarfélaginu Skagafirði, dags. 28. júní 2013, vegna íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2012.

Fyrir lá samþykki ráðgjafarnefndar um að skoða erindin með jákvæðum hætti en þau þyrftu ítarlegrar skoðunar við. Jafnframt lá fyrir samþykkt tillaga nefndarinnar um að erindin væru skoðuð á grundvelli framlaga til sérstakra verkefna, sbr. heimildarákvæði í b - lið, 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Erindin höfðu verið tekin til skoðunar milli funda með tilliti til rauntalna vegna snjómoksturs á árinu 2011 og 2012.

Á fundinum var lagt fram til kynningar yfirlit yfir þau sveitarfélög þar sem kostnaður hafði hækkað umfram 100% milli árana 2011 og 2012 en um 6 sveitarfélög er að ræða. Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin eftirfarandi tillögu um aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að verulega íþyngjandi kostnaði við snjómokstur á árinu 2012 á grundvelli heimildarákvæðis í b - lið, 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010:

Lagt er til að þau sveitarfélög, þar sem kostnaður vegna snjómoksturs hefur hækkað milli árana 2011 og 2012 umfram 100%, fái framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er nemi 35% af mismuni á heildarkostnaði milli ára.

Samkvæmt útreikningi nema framlögin samtals 19.052.871 kr. og skiptast á milli sveitarfélaga sem hér segir:

- Strandabyggð 881.346 kr.
- Skagafjörður 6.204.780 kr.
- Húnaþing vestra 2.708.561 kr.
- Skagaströnd 1.323.624 kr.
- Dalvíkurbyggð 6.170.121 kr.
- Grýtubakkahreppur 1.764.439 kr.

Við tillögugerð að úthlutun framlags til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2012 vék nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson af fundi.

LANDSHLUTASAMTÖK VEGNA SAMSTARFSVERKEFNA

ER TENGJAST SÓKNARÁÆTLUN

Eyþing – greinargerð

Á árinu 2013 eru til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25 m.kr. til greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna þeirra er tengjast sóknaráætlun landshluta. Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 13. maí sl. að leggja til að óskað væri eftir stuttri greinargerð frá samtökunum um þau verkefni sem samtökin ynnu að á árinu.

Á fundi ráðgjafarnefndar 26. ágúst sl. höfðu borist greinargerðir frá 7 landshlutasamtökum og voru þær lagðar fram til kynningar á fundnum. Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til að fram færi önnur greiðsla af samþykktu framlagi ársins til viðkomandi landshlutasamtaka.

Borist hafði greinargerð frá Eyþingi sem lögð var fram til kynningar á fundinum og höfðu því borist greinargerðir frá öllum landshlutasamtökunum. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að í kjölfar fundarins færi fram önnur greiðsla af úthlutuðu framlagi til Eyþings að fjárhæð 1,0 m.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG **Tillaga að áætlaðri úthlutun 2013**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2013. Áætlunin er unnin á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga og eru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2013, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.
- Hámarksálagning útsvars 14,48%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,95% hlutdeild vegna yfirfærslu fatlaðra. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2013 vegna álagningar 2012 er því 12,76%. Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a - lið 0,625%, skv. b - lið 1,320% og skv. c - lið 1,65%.
- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að upphæð 3.149,5 m.kr.
- Samkvæmt 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki, skv. 2. mgr., skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
- Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga samkvæmt d-lið, með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga samkvæmt c-lið, með 300 -11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.
- Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa er meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Sú aðgerð leiðir til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópsins. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins er lagt til að jafnað verði að 94,5% að meðaltali á hvern íbúa og að áætluð tekjujöfnunarframlög nemi 1.244,2 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 3/4 hlutar framlaganna komi til greiðslu í byrjun október eða samtals 933,1 m.kr. en fjórðungur komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2013, samtals að fjárhæð 1.244,2 m.kr.

Við tillögugerð að úthlutun tekjujöfnunarframlags til Reykjanesbæjar vék nefndarmaðurinn Björk Þorsteinsdóttir af fundi þegar fjallað var um hennar sveitarfélag.

Breyting á 12. gr. reglugerðar nr. 960/2012

Umfjöllun um breytingu á reglugerðinni var frestað til næsta fundar.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS **FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA**

Vinnu- og viðmiðunarreglur – SIS mat fyrir börn

Fulltrúar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð komu á fundinn

Á fundi ráðgjafarnefndar sjóðsins þann 13. maí sl. var fjallað á ný um þann möguleika að SIS mat fyrir börn mundi leysa af hólmi vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins sem notaðar eru við úthlutun á sérstökum framlögum til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grundvelli 4. gr. reglugerðar,

nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla en fram hefur komið að reglurnar þjóni ekki lengur hlutverki sínu sem skyldi. Á fundinum kom fram að þýðingu SIS matsins fyrir börn væri að ljúka og mikilvægt væri fyrir Jöfnunarsjóð að matið kæmist í notkun sem allra fyrst.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin á fundi sínu 26. ágúst sl. að leggja til að úthlutað væri framlagi að fjárhæð allt að 2,5 m.kr. án vsk. til verkefnisins á grundvelli f-liðar 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Framlagið kæmi til greiðslu eftir framgangi verkefnisins að höfðu samráði við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Óskað var eftir að fulltrúar stofnunarinnar kæmu á næsta fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir stöðu mála hvað matið varðar og í hverju það væri fólgið.

Í máli fulltrúa frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins kom fram að SIS mat fyrir börn væri mat á stuðningsþörf barna á aldrinum 5-16 ára. Metnar væru þarfir barnsins fyrir stuðning óháð heiti fötlunar. Matið væri í 7 þáttum og einn þeirra þátta fæli í sér mat á stuðningsþörf hvað námið varðar. Hægt væri að skoða þann þátt sérstaklega. Farið var nánar yfir í hverju matið væri fólgið og eftirfarandi atriði rædd sérstaklega:

- Hvers vegna mikilvægt væri að meta þörf fatlaðra barna fyrir stuðning.
- Hvað stuðningsþörf fæli í sér.
- Lýsing á SIS mati fyrir börn.
- Áætlun um innleiðingu hér á landi.

Fram kom að með barnaútgáfu SIS fengist hlutlæg og víðtæk mæling á stuðningsþörf fatlaðs barns í samanburði við önnur fötluð börn. Sérstaklega mikilvægt væri að hafa yfir að ráða hlutlægu og heildstæðu matskerfi sem tryggir á besta hugsanlegan hátt réttláta úthlutun fjármuna sem veittir eru til þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Fram kom að kerfi til úthlutunar fjármuna hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga væri mjög gamalt og hefði ekki fylgt þróun þar sem hópar væru orðnir sundurleitari en áður var. Innleiðing SIS mats fyrir börn væri stórt skref í átt að réttlátara kerfi en það sem nú er notast við.

Ráðgjafarnefnd þakkaði fyrir fróðlegt erindi og skýr svör af hálfu fulltrúa Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

BARNAVERNDARSTOFA VEGNA VISTUNAR NEMENDA

Beiðni um greiðslu vegna vorannar 2013

Erindi hafði borist frá Barnaverndarstofu, dags. 16. september 2013, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.050.849 kr. á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna vistunar barns utan lögheimilissveitarfélags á vorönn 2013.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að erindi Barnaverndarstofu væri tekið til greina.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru nú mættir á fundinn og tóku þátt í þeim fundarstörfum sem eftir voru..

BREYTING Á RÁÐSTÖFUNARFJÁRMAGNI JÖFNUNARSJÓÐS 2014

Óskaði fundarstjóri eftir því við fulltrúa Sambandsins að þeir gerðu grein fyrir þeirri breytingu á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins sem í vændum væri. Í máli þeirra og nefndarmanna kom eftirfarandi fram:

Eins og kveðið er á um í 11. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfurfærslu á málefnum fatlaðs fólks stæði nú yfir faglegt og fjárhagslegt mat á árangri yfurfærslu málaflokksins. Í 13. lið samkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 6. júlí 2010, segði:

Stefnt væri að því að útsvarshlutfall vegna þjónustu við fatlaða yrði endurskoðað 2014 og að framlög á fjárlögum féllu niður, þannig að þjónustan yrði alfarið fjármögnuð með útsvari.

Ákvörðun um endurskoðun á útsvarshlutfallinu hefði hins vegar verið frestað til ársins 2015. Því væri mjög mikilvægt að fá því framgengt að andvirði beinu framlaganna frá ríki, sem nema í ár samtals 856,0 m.kr., yrði að sem mestu leyti sett inn í frumvarp til fjárlaga 2014 til að draga úr lækkun á fjármögnun yfirfærslunnar á því ári.

Að undanfögnu hefðu staðið yfir viðræður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins um málið og í síðustu viku hefði fjármálaráðuneytið komið með eftirfarandi tilboð:

- Útsvar væri hækkað um 0,04% fyrir árið 2014 og tekjuskattur ríkisins lækkaður samsvarandi.
- Tekjur vegna þessarar hækkunar rynnu óskiptar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir svokölluðum breytingarkostnaði og til styttingar biðlista.
- Tilraunaverkefni NPA fengi ekki hlut í þessum tekjuauka á árinu 2014 heldur yrði verkefnið fjármagnað með óráðstöfuðu fé vegna þess sem safnast hefði upp á árunum 2011 til 2013. Þannig gætu 165 - 170 m.kr. verið til ráðstöfunar á árinu 2014 í NPA.
- Með hækkun útsvars um 0,04% fyrir árið 2014 væri leystur ágreiningur fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um svokallaða janúargreiðslu 2011.

Framangreint tilboð fjármálaráðuneytis hefði verið samþykkt á stjórnarfundi Sambandsins sl. föstudag og fól fundurinn formanni og framkvæmdastjóra að ganga til samninga þar að lútandi.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu næmi áætlaður útsvarsstofn á árinu 2014 1.025 milljörðum króna. Með tilvísun til þess mun 0,04% hækkun á útsvarinu nema 410 m.kr. Með þessari hækkun væri að mestu leyti búið að koma í veg fyrir lækkun á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins á næsta ári vegna yfirfærslunnar.

Þar sem nú lægi fyrir að fjármálaráðuneytið mundi ekki leggja til fjármagn til að brúa eftirstöðvar vegna fyrirframgreiðslunnar í janúar 2011 samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sú fjárhæð sem út af stæði, um 209 m.k., kæmi til innheimtu á það löngum tíma að hún yrði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélögin /þjónustusvæðin.

YFIRTAKA SVEITARFÉLAGA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

Ályktun frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Lögð var fram til kynningar ályktun aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 18. september 2013.

Í ályktuninni kemur meðal annars fram gagnrýni á að framlög til einstaklinga með lægri kostnað en 4 m.kr. sé lagður af. Óviðunandi sé hversu stutt SIS matið sé á veg komið og bent er á að tölulegar staðreyndir sýni að fjármagnið sem varið sé til málaflokksins sé engan veginn að standa undir útgjöldum á Vesturlandi. Fer aðalfundinn fram á að aðferðir við útreikning þjónustuframlaganna séu gegnsæjar.

Á fundinum var jafnframt lagt fram minnisblað, dags. 19. september sl. vegna ályktunarinnar þar sem fram kemur að margt í ályktuninni sé byggt á misskilningi og fóru fram umræður á fundinum um þau atriði.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK, nr. 623/2013

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og ábendingar vegna reglugerðar 2014

Fram kom að fljótlega þyrfti að hefja vinnu við nýja reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014.

Með tilvísun til þess var lögð fram til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. júní 2013 um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013. Í seinni hluta umsagnarinnar koma fram ábendingar sem snerta nýja reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 og voru þau atriði rædd við fulltrúa Sambandsins á fundinum.

Sérstaklega var fjallað um þá ábendingu Sambandsins að „sett verði ákvæði í regluverk Jöfnunarsjóðs fyrir þennan málaflokk sem veitti sveitarfélögum frekari vernd gegn því að framlög til málaflokksins skerðist verulega á mill ára. Í þessu sambandi þyrfti að hafa í huga að á smæstu þjónustusvæðunum gætu tiltölulega litlar breytingar á fjölda þjónustuþega haft veruleg áhrif á það fjármagn sem rynni til þjónustusvæðis.“

Jafnframt kom fram á fundinum ábending um að taka þyrfti tillit til íþyngjandi kostnaðar vegna þjónustu í dreifðum byggðum í regluverki sjóðsins.

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2013

Endurskoðun áætlunar að úthlutun framlaganna 2013

Fjallað var um stöðu mála hvað varðar endurskoðun áætlunar um úthlutun framlaga árið 2013 vegna málefna fatlaðs fólks. Fram kom að öll þau svæði sem ætluðu að skila inn athugasemdum vegna forsendna útreikninga frá því í maí hafi skilað inn gögnum þar um. Stefnt væri að því að við greiðslu framlaga um næstu mánaðamót yrði búið að framkvæma endurskoðun áætlunarinnar. Einnig kom fram að auk þess yrði framkvæmd endurskoðun á áætluninni í lok ársins.

BEIÐNIR UM ENDURSKOÐUN SAMNINGA VIÐ SJÁLFSTÆÐA ÞJÓNUSTUAÐILA

Mosfellsbær vegna Skálatúns, Árborg vegna Sólheima

Lögð voru fram til kynningar bréf Mosfellsbæjar, dags. 21. ágúst 2013, og bréf Árborgar, dags. 9. ágúst 2013. Í bréfunum kemur fram beiðni um að samningar við sjálfstæða þjónustuaðila verði endurskoðaðir.

Við gerð þjónustusamninga við Sólheima og Skálatún á árinu 2012 varð samkomulag um að greiðslur svæðanna til sjálfstæðu þjónustuaðilanna tæki mið af niðurstöðu kostnaðargreiningar á grunni SIS matsins. Vegna breyttra aðferða við útreikning framlaga árið 2013 hefur grunnur SIS flokkanna ekki hækkað í takt við launa- og verðlagsbreytingar og því hefur framlag sem byggir á SIS mati lækkað til sjálfstæðu þjónustuaðilanna í þessum sveitarfélögum.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindum Mosfellsbæjar og Árborgar væri svarað þannig að skoðað yrði á hvern hátt mögulegt væri að koma til móts við vanda sveitarfélaganna vegna Sólheima og Skálatúns.

MÖGULEG AÐKOMA JÖFNUNARSJÓÐS AÐ NEIKVÆÐUM SVEIFLUM MILLI ÁRA

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætluð almenn jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 til sveitarfélaga og þjónustusvæða og þær breytingar sem orðið hafa á framlögunum milli árána 2012 og 2013. Breytingarnar eru íþyngjandi á nokkrum svæðum. Ekki liggur þó fyrir hversu miklar þessar breytingar eru fyrr en lokið hefur verið við endurskoðun framlaga ársins. Sýnt er þó að aukið vægi SIS matsins í útreikningi framlaganna hefur þar töluvert að segja.

Með tilvísun til þessa var við setningu reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, nr. 623/2013, sett inn ákvæði í síðustu málsgrein 5. gr. reglugerðarinnar er hljóðar svo:

Hugsanlegum eftirstöðvum framlaga vegna breytingakostnaðar skal skipta milli þjónustusvæða/sveitarfélaga á grundvelli tillagna ráðgjafarnefndar til ráðherra að höfðu samráði við samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks og Samband ísl. sveitarfélaga, m.a. til að koma til móts við þau svæði þar sem hlutfallsleg lækun framlaga, milli árána 2012 og 2013 sbr. 3. gr., er veruleg.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að skoðað yrði frekar hvort hægt væri að koma til móts við svæði þar sem fjárhagslega neikvæðar sveiflur milli ára væru verulegar með auknum framlögum úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samþykkti nefndin að leggja til að ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins væri skrifað þar að lútandi. Frekari umræðu var síðan frestað til næsta fundar.

ÖNNUR MÁL

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn 2. október nk. á Hilton Hótel Nordica. Dagskrá fundarins var lögð fram til kynningar.

Vistheimilið Bjarg

Þann 13. maí 2011 undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkomulagið gildi frá 1. júlí 2011 til 31. ágúst 2013. Á grundvelli samkomulagsins veitti ríkissjóður árlega framlag að fjárhæð 480 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem annast úthlutanir framlaga til sveitarfélaga. Vegna íþyngjandi kostnaðar stóru tónlistarskólanna á höfuðborgarsvæðinu var framlagið hækkað í 520 m.kr. Á móti skuldbundu sveitarfélögin sig til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem námu 230 m.kr. á ársgrundvelli.

Eitt af þessum verkefnum er Vistheimilið Bjarg. Framlag til Vistheimilisins í fyrra nam 58,7 m.kr. en í ár 60,3 m.kr.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hjalpræðishersins vegna Vistheimilisins Bjargs, dags. 19. september 2013. Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðri fjárhagsstöðu vistheimilisins og óskað eftir auka fjárveitingu úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

Fram kom að ekki væri til staðar heimild hjá Jöfnunarsjóði til greiðslu framlags til reksturs heimilisins umfram það sem fram kæmi í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011.

Ráðgjafarnefndin samþykkti því að leggja til að erindinu vegna Vistheimilisins Bjargs væri vísað til velferðarráðuneytisins þar sem málefni heimilisins voru vistuð áður en samkomulagið um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga tók gildi.

SAMKOMULAG RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM EFLINGU TÓNLISTARFRÆÐSLU

Fram kom hjá fulltrúum Sambandsins að enn lægi ekki fyrir samþykkt um framlengingu samkomulagsins um eflingu tónlistarnámsins og jöfnun á aðstöðumuni nemenda til námsins þrátt fyrir mikla eftirfylgi af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fram kom á fundinum að litið væri svo á að ekki væri til staðar heimild fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að inna greiðslu framlaga af hendi til sveitarfélaga 30. september þar sem samkomulagið væri útrunnið.

Með tilvísun til þessa samþykkti nefndin að leggja til að viðkomandi sveitarfélögum væri skrifað bréf þar sem þau væru uppýst um stöðu mála og þeim jafnframt tilkynnt að óvist væri að fyrstu greiðslu framlaga fyrir skólaárið 2013 - 2014 væri að vænta 30. september nk. nema samkomulag næðist um framlengingu samkomulagsins fyrir þann tíma eða til staðar væri sérstök heimild fyrir sjóðinn til að inna greiðsluna af hendi.

Hermann þakkaði fulltrúum Sambandsins fyrir komuna og fannst þeim og nefndarmönnum að um gagnlegan fundi hefði verið að ræða.

Næsti fundur nefndarinnar verður í október og verður hann boðaður sérstaklega.

Ráðgjafarnefnd
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

20. september 2013

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:00.

Halldór V. Kristjánsson